



Til Skipulagsráðs

Kópavogi, 2. desember 2022
22115334/510.00 ABS

Umsögn vegna fyrirspurnar bæjarfulltrúa um kosti þess og galla að sameina fyrirhugaða skólabýggingu leikskóla við Skóaltröð og Kópavogsskóla.

Á lóð Skólatraðar hefur verið starfræktur tveggja deilda leikskóli með rými fyrir 26 börn, frá árinu 1995. Leikskólinn hefur verið mjög eftirsóttur meðal foreldra barna sem búa í nágrenni við leikskólann og færri hafa komist að en vildu vegna stærðar skólans. Staðsetning leikskólans er afar góð innan hverfis og með tilliti til nálægðar við grunnskólann og samstarfs milli skólastiganna sem hefur verið gott.

Þegar ljóst var að rífa þyrfti húsnæði leikskólans var því lögð áhersla á að áfram yrði leikskóli á lóðinni og æskilegt að unnt yrði að stækka hann í 3-4 deilda leikskóla. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi Bæjarráðs 19. Ágúst 2021.

Fyrstu tillögur að leikskóla gerðu ráð fyrir fjögurra deilda leikskóla á tveimur hæðum þar sem lóðin er lítil. Þá var leitast við að hafa hæð hússins sambærilega aðliggjandi húsa. Þann 19. september 2022 samþykkti skipulagsráð að kynna tillögu að deiliskipulagslýsingu fyrir fjögurra deilda leikskóla á tveimur hæðum skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Haldinn var opinn íbúafundur þann 19. október. Í framhaldi af íbúafundi þann 19. október var ákveðið að lækka og minnka leikskólann vegna skuggavarps á aðliggjandi lóðir til að koma til móts við athugasemdir íbúa. Drög að þriggja deilda leikskóla á einni hæð liggur nú fyrir og fyrirhugað er að kynna breytta tillögu á samráðsfundi með íbúum á aðliggjandi lóðum þann 7. desember 2022.

Starfsmenn menntasviðs hafa, í samstarfi við umhverfissvið, rýnt og metið bestu leiðir við faglega þróun leikskóla á lóð Skólatraðar við Kópavogsskóla. Meðal annars hafa verið skoðaðir möguleikar á samrekstri leikskóla og skóla.

Miðað við framkvæmdaáætlun og ætlaða fjölgun barna, þegar fyrstu íbúðir á nálægum uppbyggingareitum verða tilbúnar, má gera ráð fyrir verulegri fjölgun barna á leikskólaaldri í hverfinu eftir tvö ár. Nauðsynlegt er að nýr leikskóli verði tilbúinn á lóðinni þegar að því kemur. Það hefur hvetjandi áhrif á unga íbúðakaupendur að leikskóli sé til staðar í nærumhverfi þegar flutt er í hverfið. Viðbygging við Kópavogsskóla tekur mun lengri tíma eða nokkur ár. Biðlisti eftir leikskólaplássum í bænum er mestur í hverfi 200 eða nánast tvöfalt lengri en í hverfi 201 og 203. Það liggur því talsvert á að fjölga leikskólarýmum á þessu svæði. Mögulegt er að mæta fjölgun grunnskólabarna með lausum kennslustofum á lóð skólans tímabundið.



Það er því niðurstaða menntasviðs og umhverfissviðs að farsælast sé að byggja þriggja deilda leikskóla á einni hæð á lóð fyrri leikskóla við Skólatröð og stefna að því að hann verði tilbúinn á árinu 2024. Áfram verður lögð áhersla á samstarf og samfellu milli grunnskólans og leikskólans og þróað enn frekar.

Þegar kemur að ákvörðunum um viðbrögð við ætlaðri fjölgun nemenda í grunnskólanum og mögulegri viðbyggingu verða skoðaðar leiðir og útfærsla til þróunar samstarfs og samfellu milli leikskóla og grunnskóla, sem m.a. gætu birst í formi samrekstrar. Ný leikskólabygging við Skólatröð útilokar ekki slíka þróun. Í því samhengi þarf m.a. að meta aðstæður m.t.t. stærðar skólalóðarinnar, þess byggingarmagns sem lóðin getur borið og leiksvæðis barna.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

